

# Fósturlandsins Freyja

## MYNDLIST

ÞÓRA ÞÓRISDÓTTIR



LISTASALURINN ÞRÚÐVANGUR, KVOSINNI MOSFELLSBÆ | Samsýning, Anna Jóa, Bryndís Jónsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Hildur Margrétardóttir, Hlíf Ásgrímsdóttir, Kristín Geirsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Ólöf Oddgeirsdóttir.

Sýningin er opin alla daga frá kl. 14-18. Stendur til 11. október.

★★★★☆

**A**sýningunni *Lýðveldið: vatnið, fjörðurinn, lækurinn*, í Kvosinni í Mosfellsbæ má sjá verk eftir átta íslenskar listakonur sem allar hafa haslað sér völl í íslensku listalífi. Ólöf Oddgeirsdóttir sýnir hér málverksveggeppi af sjálfri fjallkonunni sem er orðin afar sorgmædd vegna ástands þjóðarinnar, þar sem hún situr þó enn pikkföst í ímyndinni með hrafn á öxlinni, bókrölluna í hendinni og kórónu íss og elda á höfði. Útsaumsmyndur formæðranna, sem Ólöf er þekktust fyrir að vinna með, leysist upp í bakgrunninum og blandast við fjallkonuna sem órofa viðbót við bakgrunnsmynd hennar. Arfur kynslóðanna leikur einnig stórt hlutverk í innsetningu Guðbjargar Lindar þar sem hún endurvinnur á fallegan hátt bernskuendurminningu tengdri gömlum myndum og textabrotum ömmu sinnar. Slík vinnubrögð verða æ algengari hjá íslenskum listakönum og vitna um sterka löngun til að halda í dýrmætar minningar um persónulegan en um leið sameiginlegan menningararf.

Móðurímyndin blandast á vissan hátt ímynd hinna sterka og jafnvel fjölkunnugu íslensku nútíma fornkonu í verki Hildur Margrétardóttur *Draumagildirur*. Verkinu er ætlað að fanga martröð þjóðarinnar á þessum umbrotatímum um leið og þurrkaðir þorskhausar vísa okkur leiðina til baka inn í framtíðina og fjáðraskúfar kallast á við hrafn fjallkonunnar. Kostulegt myndbandsverk Hlíf Ásgrímsdóttur í samvinnu við Ólöfu sýna líknandi hendur draga enda-laust magn af plastdræsum upp úr mjúku og blautum, sóleyjum vöxnum mýrarjarðvegi. Aðgerðin minnir á uppskurð, þar sem gleymdir gúmmihanskar eru dregnir upp úr kvíðarholi, nema hvað hér ætla aðgerðin engan enda að taka og plasthaugurinn stækkar út í hið óendanlega.

Bókröllur fjallkonunnar endurtaka sig í upprúlluðum og sléttum máluðum pergamentlíkum blöðum Kristínar Geirsdóttur sem draga fram fegurð tilviljana sem urðu til við gerð þeirra. *Vallarmál* Önnu Jóa vísa í samsett minningarbrot sem tengjast hinum helgu stöðum lýðveldisins, Þingvöllum og Alþingi Íslendinga í



Morgunblaðið/Kristinn

**Fjallkonan** „...orðin afar sorgmædd vegna ástands þjóðarinnar, þar sem hún situr þó enn pikkföst í ímyndinni með hrafn á öxlinni, bókrölluna í hendinni og kórónu íss og elda á höfði.“

Reykjavík. Sjónrænt áleitinn og vel heppnaður lýðveldisgjörningur Bryndísar Jónsdóttur frá árinu 2004 dregur fram hvernig sjálfstæðismynd þjóðarinnar er bókstaflega máluð á landið sjálft og samlagast vatninu í ánum, sem Kristín frá Munkaþverá líkir við æðakerfi landsins en draumkennt vatnslitaverk hennar sýna einmitt yfirlitsmynd af hinum mörgu vötnum Íslands um leið og þau vísa til úrhellisins á Þingvöllum 17. Júní 1944.

Í sýningunni má lesa vissa sorg, gagnrýni og umhyggju fyrir þjóðinni á ósvissutímum þegar hriktir í undirstöðum sjálfstæðis okkar og lýðveldið sjálft er orðin ruglingsleg táknmynd. Listakonurnar virðast tjá sig með hinni arfbornu sameiginlegu röddu sem við drukkum með móðurmjólkinni þar sem sjálflægni okkar finnur sér helst útrás í samsvörum okkar við móður jörð. Verndun náttúrunnar verður þannig hinn löglegi pólitíski vettvangur allra kvenna (og karla að sjálfsögdum líka á tímum jafnréttis). Vettvangurinn er táknmynd um leið og náttúra, siðfræði og menning renna í eitt og blandast hinni sameiginlegu sjálfsmynd. Sjálfsmynd og gildi íslenskra kvenna í líki fjallkonunnar var mótuðum leið

**Getur verið að fjallkonan sjálf, íslenskar konur, hafi brugðist, hún hafi sofnað á siðferðisvaktinni?**

og sjálfsmynd þjóðarinnar og lýðveldið sjálft og sýningin bergmálar ákveðinn söknuð eða samviskubit sem tekur á sig örflitið mæðarlega mynd á köflum. Getur verið að fjallkonan sjálf, íslenskar konur, hafi brugðist, hún hafi sofnað á siðferðisvaktinni? Er tími til komin að hún vakni og taki upp sitt áskapaða eðlislæga hlutverk eða er kominn tími til að endurskoða gildi hennar og hlutverk, t.d. kynna hana í fleirtölu?

Frá mínum sjónarhóli er sýningin ákaflega áhugaverð í því femíníska samhengi sem ég les í hana. Sýningin gefur sig þó alls ekki út fyrir að fjalla um ímynd kvenna sérstaklega heldur hverfist um lýðræðið og hefur eflaust samfélagslegar og listrænar skírskotanir sem gefa möguleika á miklu víðari umræðu en hér er sett fram.